



Dalabyggð

Fréttabréf Dalabyggðar

3. tbl. 1. árg. desember 2000

Útgefandi: Dalabyggð

Ábm. Einar Mathiesen, sveitarstjóri

Fréttir

Ágæti viðtakandi meðal efnis í þessu fréttabréfi er ákvörðun sveitarstjórnar um kaup á jörðinni Sælingsdalstungu, fréttir af vegaf framkvæmdum um Bröttubrekku. Þá er rétt að minna á auglýsingu um formlega opnun hitaveitunnar en Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra mun taka hitaveituna formlega í notkun þann 19. desember n.k.



Sveitarstjórn Dalabyggðar óskar íbúum Dalasýslu og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Brattabrekka - vegaf framkvæmdir

Vegagerðin hefur boðið út framkvæmdir á Bröttubrekku. Frestur til að skila inn tilboðum er til 8. janúar 2001. Skv. upplýsingum sem Fréttabréfið hefur aflað sér mun verkið verða unnið á 3 árum. Um er að ræða 11,3 km. vegakafla. Að framkvæmdum loknum verður Búðardalur kominn í veltenginu við þjóðveg nr. 1 með bundnuslitlagi.

Í Vegaáætlun 2000 til 2004 sem endurskoðuð var og samþykkt af Alþingi s.l. vor er gert ráðfyrir eftirfarandi fjámunum til verksins.

Árið 2001	78 millj. kr.
Árið 2002	250 millj. kr.
Árið 2003	37 millj. kr.
Árið 2004	60 millj. kr.

Í nútímapjóðfélagi hlýtur framkvæmdin að teljast löngu tímabær þar sem bæt看ar vegasamgöngur um Bröttubrekku eru ein af meginforsendum áframhaldandi byggðar í Dalasýslu. Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur á liðnum árum og misserum beitt sér að alefli fyrir framkvæmdinni. Hvert tækifæri hefur verið nýtt til að koma þessu mikla hagsmunamáli á framfæri.

Hitaveita Dalabyggðar ehf. - formleg opnun -

Þriðjudaginn 19. desember n.k. mun Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, taka Hitaveitu Dalabyggðar ehf. formlega í notkun. Af því tilefni býður stjórn hitaveitunnar og sveitarstjórn Dalabyggðar íbúum sveitarfélagsins til kaffisamsætis í Dalabúð. Dagskrá hefst stundvíslega kl. 17.00. Allir velkomnir.

f.h. Dalabyggðar og stjórnar H.D. ehf.
framkvæmdastjóri

Dalabyggð kaupir Sælingsdalstungu

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. september s.l. að neyta forkaupsréttar að jörðinni Sælingsdalstungu. Í bókun sveitarstjórnar er ákvörðunin rökstudd með eftirfarandi hætti:

Ákvörðun sveitarstjórnar byggir á því að hagsmunum sveitarfélagsins verði best borgið með því að neytt verði

forkaupsréttar. Land Sælingsdalstungu liggur að landi Lauga þar sem Dalabyggð tekur þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu í þeim tilgangi að treysta eins og hægt er búsetu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn álitur að Dalabyggð standi mun betur að vígi við frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í Dalasýslu neyti sveitarstjórn forkaupsréttar enda býður land Sælingsdalstungu upp á mikla möguleika í sambandi við þjónustu við ferðamenn og hentar m.a. vel til skógræktar og hvers konar útivistar. Þá hyggst sveitarfélagið gera landið að hluta til að fólkvangi. Dalabyggð á einnig vatnsréttindi í landi Sælingsdalstungu en nýting þeirra skiptir sveitarfélagið mjög miklu máli til að treysta búsetu í sveitarfélaginu. Með því að taka þátt í ferðaþjónustu í Dalasýslu er sveitarstjórn að gera atvinnulíf í Dalabyggð fjölbreyttara þannig að búseta á svæðinu standi ekki og falli með hefðbundnum búskap.

Ákvörðun sveitarstjórnar var kærð til landbúnaðarráðuneytisins af kaupanda jarðarinnar. Þess var krafist að ákvörðun sveitarstjórnar yrði felld úr gildi. Landbúnaðarráðgjafi felldi úrskurð sinn á dögnum og er hann sveitarstjórn í vil.

Auglýsing

Æskulýðsfulltrúi

Óskað er eftir starfsmanni til að hafa umsjón með æskulýðsstarfsemi í Dalabyggð. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Æskulýðsfulltrúi þarf að vera þolinmóð(ur) og eiga auðvelt með að umgangast börn og ungmenni. Framkvæði og hugmyndaauðgi í starfi og leik skilyrði.

Starfið er laust frá og með 4. janúar n.k. Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnólfur Lárusson í síma 434-1421.

Sveitarstjóri

Orðsending frá RARIK til rafhitanotenda sem tengjast Hitaveitu Dalabyggðar ehf.

Þegar hitaveita er tengd þarf að huga að eftirfarandi:

Raforkunotandi þarf að ráða sér rafverktaka sem aftengir rafhitunarbúnað, tekur niður raforkumæli og skilar til Rarik ásamt nauðsynlegum gögnum. Mælagjald og áætlun m.v. fyrri notkun, og er innheimt á meðan mælir er skráður uppi. Vilji menn halda þriggja fasa rafmagni þar sem það er einungis á hitanotkun, þarf að víxla mælum hita og almennrar notkunar. Starfsmaður Rarik tekur út breytingar og innsiglar mæla.

- Verið varkár, varist slysin -

RARIK Búðardal

Auglýsing frá hitaveitunni

Tengingar á íbúðarhúsnæði við hitaveituna eru hafnar. Íbúar og húsráðendur eru hvattir til að undirbúa og hraða tengingu við hitaveituna svo þeir njóti sem fyrst þæginda heita vatnsins. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins eða í síma 434-1132.

- Hagur okkar allra -

Framkvæmdastjóri

Meðal efnis í næsta fréttabréfi:

- ✓ Staða byggingarfulltrúa.
- ✓ Nýting tekjustofna 2001.
- ✓ Tekjuáætlun sveitarsjóðs 2001.
- ✓ Hitaveitan – framfaraskref.

Með jólakveðju frá ritstjóra